

M-3/2007 Álit 15. febrúar 2007

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. febrúar gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-3/2007:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 2. janúar sl. bað K, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans 7. apríl 2006 á gólf- og veggflísum ásamt lími, grunni og fúgu hjá fyrirtækinu Þ, nú X. Álitsbeiðandi telur að límið, sem var af tegundinni Æ, hafi verið gallað og krefst þess að fá greiddar kr. 61.727, sem hann segir vera kostnað vegna þess að þurft hafi að leggja flísarnar að nýju. Álitsbeiðandi leitaði atbeina Neytendasamtakanna með bréfi dags. 21. desember 2007.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin gaf X kost á andsvörum með bréfi dags. 23. janúar sl. Frestur til að skila þeim var gefinn til 5. febrúar sl. Andsvör X bárust nefndinni 30. janúar auk þess sem fyrirtækið hafi svarað bréfi Neytendasamtakanna með bréfi dags. 7. janúar sl. eins og fyrr segir. Aðilum var tilkynnt með bréfi dags. 7. febrúar þ.m. að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að við framangreind kaup hafi engar leiðbeiningar fylgt um blöndun á líminu eða meðhöndlun á flísunum, en á límpokunum hafi þó verið forskrift um hlutföll á milli líms og vatns. Farið hafi verið samviskusamlega eftir forskriftinni þegar límið var blandað. Í bréfinu til Neytendasamtakanna segir álitsbeiðandi að unnið hafi verið að flísalögninni í áföngum og þegar henni hafi verið lokið hafi þær flísar sem fyrst voru límdar farið að losna frá veggnum. Við athugun hafi komið í ljós að óhjákvæmilegt hafi verið að taka allar flísarnar af því að límið hefði aðeins fest við flís eða vegg en ekki hvorttveggja. Haft hafi verið samband við seljandann og farið fram á að hann bætti tjónið, honum bent á að nákvæmlega hefði verið farið eftir leiðbeiningum, en seljandi ekki viljað greiða bætur. Álitsbeiðandi segir seljanda þó hafa látið sig fá aðrar flísar í stað þeirra sem teknar voru niður en sjálfur hafi orðið að greiða fyrir lím sem hann hefði keypt af annarri tegund. Mikil vinna hafi verið að taka flísarnar niður og hreinsa þær og veggina áður en flísalagt hafi verið að nýju. Álitsbeiðandi hefur lagt fram reikning frá Z dags. 28. nóvember 2006 fyrir vinnu á byggingarstað og akstur samtals kr. 61.727, sem er sama fjárhæð og fjárhæð bótakröfu álitsbeiðanda.

IV

Andsvör gagnaðila

Neytendasamtökin rituðu seljanda bréf 28. desember sl. sem hann svaraði með bréfi dags. 7. janúar sl. Í svarbréfinu er sagt að ekki hafi orðið vart við galla í flísalíminu Æ né heldur í þeirri sendingu sem það lím sem álitsbeiðandi keypti hafi komið úr. Tekið

er fram að komið hafi verið á móts við kröfur álitsbeiðanda hvað flísarnar varði, þótt seljanda hafi ekki borið skylda til þess. Ekki hafi verið ástæða til að bæta honum límið en starfsmaður verslunarinnar hafi engan galla talið vera á því. Í bréfinu segir að seljanda sé hvorki kunnugt um að Z sé fagaðili í flísalögnum né sé vanur að starfa við þær. Z muni vera fagmaður á öðru iðnsviði.

Í bréfi seljanda til kærunevndarinnar, dags. 25. jan. sl., er vísað til framangreinds svarbréfs til Neytendasamtakanna. Því er jafnframt lýst í bréfinu að sá aðili sem flísalagt hafi fyrir álitsbeiðanda sé hvorki fagmaður á því sviði né vanur flísalögnum. Þá segir í bréfinu að seljandi hafi flísalímið í endursölu frá versluninni H sem sé ein stærsta flísaerslun landsins og hjá þeirri verslun hafi ekki orðið vart við galla á líminu, sem sé eitt mest notaða flísalím hérlendis.

X hefði að sjálfsögðu bætt tjón sem stafað hefði af galla í líminu en sé ekki tilbúið til að bæta tjón sem óskyldir aðilar valdi vegna gallaðs verklags eða vankunnáttu.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og verslunarinnar X. falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa og 1. gr. laga um 48/2003 um neytendakaup, en viðskipti aðila falla undir þau lög.

Söluhlutur á að fullnægja ákveðnum kröfum m.a. þeim að hafa þá eiginleika til að bera sem kaupandinn mátti vænta við kaup á slíkum hlut varðandi endingu og annað, sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003, einkum b. og c. liði 2. mgr. Sé söluhlutur ekki í samræmi við þær kröfur sem koma fram í 15. gr. er hann gallaður samkvæmt ákvæðum 16. gr. Galli á söluhlut leiðir til þess að kaupandinn á kost á ákveðnum úrræðum gagnvart seljanda, sbr. 26. gr. laganna, sé gallinn hvorki sök neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varða eins og segir 1. mgr. Auk þess þarf kaupandi að tilkynna seljanda í tæka tíð um galla sem hann telur vera á söluhlut, en það gerði álitsbeiðandi.

Það er hins vegar svo að almennar sönnunarreglur leiða til þess að sá sem telur vöru gallaða verður að sanna að svo sé auk þess að leiða í ljós að gallinn sé hvorki hans sök né stafi af aðstæðum sem hann varða skv. ákvæði 1. mgr. 26. gr. laganna sem fyrr er getið, sbr. þó 2. mgr. 18. gr.

Kærunevndin leitaði álits fagmanns á sviði múrverks og flísalagna, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006. Hann benti á að það væri býsna algengt að flísalögn misheppnaðist en um væri að ræða vandasamt verk þar sem sýna þyrfti fyllstu aðgæslu. Ýmsar ástæður gætu verið fyrir því að svo færi aðrar en sú að límið væri gallað. Nefndi fagmaðurinn sérstaklega að þörf væri á að hreinsa verksmiðjaryk af flísunum til þess að tryggja viðloðun límsins við þær. Þá væri öruggast að bera lím bæði á flísar og vegg. Gæta yrði þess að bera ekki á of stóran flöt á veggnum í einu áður en flísarnar væru lagðar, því að annars gæti efnið í veggnum dregið til sín of mikinn raka úr líminu áður en hann gengi einnig inn í flísarnar. Þá benti fagmaðurinn á að undirlagið, þ.e. það efni sem veggurinn er úr, gæti tekið breytingum við lím, ekki síst tré og spónaplötur, en límið þyldi litla hreyfingu af þessu tagi. Oft á tíðum væri lím valið með tilliti til þess úr hvaða efni sá veggur væri sem líma ætti á. Fagmaðurinn taldi þá lýsingu álitsbeiðanda, að límið

hefði aðeins tollað við vegginn eða flísarnar, benda til þess að einhver hreyfing hafi getað orðið á veggnum.

Þegar litið er til þessa álits fagmannsins er það niðurstaða kærufndarinnar, eins og gögn málsins liggja fyrir, að álitsbeiðanda hafi ekki tekist sönnun þess að límið hafi verið gallað en flísalögnin ógölluð, sbr. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Samkvæmt því er það álit kærufndarinnar að álitsbeiðandi eigi ekki rétt á bótum úr hendi X

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Íris Ösp Ingjaldsdóttir